

**Nr. 047 / 14 Rán ÍS 261****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7118  
IMO  
Smíðaður: Skagaströnd 1990, plast  
Stærð: 3,41brl. 3,38 bt.  
Mesta lengd: 7,83 m Skráð lengd: 7,33 m  
Breidd: 2,03 m Dýpt: 1,37 m  
Vél: Yanmar 67 kW, 1998  
Fjöldi skipverja: 1



Rán©Fiskifrétir

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. febrúar 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 21. maí 2014 var Rán ÍS 261 á siglingu út af Barða. Veður: A 4-9 m/s.

Þegar beygt var inn í Önundarfjörð lagðist báturinn í einni veltunni það mikið að fiskikör köstuðust yfir í stjórnborðssíðu svo hann saup sjó. Þegar skipstjóri ætlaði að bregðast við slagsíðunni, vegna röskunar farms og sjósöfnunar, með því að beygja hart í stjórnborða dró niður í vélinni og hún stöðvaðist. Bátinn tók að reka hratt að landi og skipstjóri kallaði því eftir aðstoð og kastaði því næst út drekanum (akkeri) sem náði ekki festu. Skipstjóri ræsti allar austurdælur og dældi jafnframt með tveimur handdælum og tókst að lokum að losa austurinn úr bátnum. Þegar bátinn hafði rekið nær ströndinni náði drekin haldi og lá báturinn fyrir honum þar til Ólafur HF 200 kom til aðstoðar og dró Rán til Flateyrar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipstjóri taldi að hann hefði sett stefnu of grunnt fyrir Barða;
- að skipstjóri sagði að drekin hafi verið klár til að láta hann fara. Hann hafi staðið í hné í austrinum á meðan hann jós og dældi af kappi með báðum handdælum. Hann hafi kastaði aflanum sem farið hafði upp úr körum yfir í bakborða til að rétta bátinn;
- að lýsing á gangsetningu vélarinnar daginn eftir benti til þess að vélin hafi stöðvast vegna þess að austurinn hafi komist í soggrein og inn á vél.

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins er að siglt var of grunnt sem jók á hreyfingu bátsins og kör ekki sjóbúin á tryggilegan hátt.